



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Drög að ákvörðun um  
heildsölugjaldskrá fyrir upphaf og  
lúkningu símtala í föstum almennum  
talsímanetum (markaðir 2 og 3)**

Skjal númer	2015030085
Dagsetning	31. mars 2015

Hér með er óskað viðbragða allra hlutaðeigandi aðila við þeim drögum sem hér liggja fyrir. Allar athugasemdir skulu gerðar með greinanlegum hætti þar sem vísað er í númer skjalsins og þá liði sem um ræðir. Senda skal athugasemdir með pósti eða með tölvupósti á neðangreindan aðila eigi síðar en **27. apríl 2015**.

**Póst- og fjarskiptastofnun**

**Suðurlandsbraut 4**

**108 Reykjavík**

**Sími 510-1500**

**Hulda Ástþórsdóttir, netfang: [hulda@pfs.is](mailto:hulda@pfs.is)**



## EFNISYFIRLIT

**Bls.**

1	Inngangur .....	3
1.1	Ákvörðun PFS nr. 36/2012 .....	3
1.1.1	Markaður 2 .....	3
1.1.2	Markaður 3 .....	4
1.2	Fjöldi ríkja tiltæk í verðsamanburð .....	6
2	Forsendur verðsamanburðar.....	7
3	Útreikningar á verði fyrir upphaf símtals.....	9
4	Útreikningar á verði fyrir lúkningu.....	10
5	Niðurstaða PFS .....	11
5.1	Markaður 2 .....	11
5.2	Markaður 3 .....	11
5.3	Gildistaka.....	12

# 1 Inngangur

Ákvörðunardrög þessi byggja á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 36/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3).

Samkvæmt ákvörðuninni skal ákvarða gjaldskrá fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum með verðsamanburði. PFS hefur nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða verð fyrir upphaf og lúkningu í föstum almennum talsímanetum og er niðurstaða þessa verðsamanburðar grundvöllur að niðurstöðu PFS um heildsöluverð fyrir þessa þjónustu.

## 1.1 Ákvörðun PFS nr. 36/2012

PFS tók ákvörðun nr. 36/2012 þann 14. desember 2012, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2 og 3).

### 1.1.1 Markaður 2

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 2) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga ákvað PFS að útnefna Símann hf. (Síminn) með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

PFS lagði eftirfarandi heildsölukvaðir á Símann:

- Kvöð um að veita aðgang
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Í kvöð um eftirlit með gjaldskrá var tilgreint að hámarksverð fyrir upphaf símtala yrði ákvarðað með verðsamanburði samkvæmt heimild í 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti.

Þá kom fram að við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum myndi PFS miða við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu. Miða skildi við eftirfarandi meginforsendur við val á samanburðarlöndum og útreikning á upphafi símtala í fastaneti þegar verðsamanburði (e. benchmark) væri beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem upphafsverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar



viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er „bottom-up“<sup>1</sup> (BU) LRIC<sup>2</sup> aðferðafræði.

- Samanburður á verðum skal miðast við niðurstöðu um upphafsverð samkvæmt útreikningum sem byggja á BU-LRIC líkani<sup>3</sup> sem liggja fyrir á þeim tíma sem verðsamanburður fer fram hverju sinni.
- Miða skal við verð fyrir skiptistöðvar (single transit).
- Miða skal við mínútuverð á 3ja mínútna símtali.
- Miða skal við meðalgengi í viðkomandi ársfjórðungi.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

Þá kom fram að PFS myndi árlega á gildistíma ákvörðunarinnar endurtaka verðsamanburð með ofangreindum forsendum og ákvarða hámark upphafsgjalda Símans sem taka ætti gildi frá og með 1. janúar ár hvert í samræmi við niðurstöður verðsamanburðarins. Miðað var við að PFS myndi í fyrsta sinn ákvarða hámark upphafsgjalda Símans á þessum forsendum með gildistöku frá og með 1. júlí 2013, og síðan árlega frá og með 1. janúar 2014, *eða á sama tíma og lúkningarverð á markaði 3 yrðu ákvörðuð með verðsamanburði*. Að jafnaði skyldi nota öll þau ríki í verðsamanburðinn sem uppfylltu ofangreind skilyrði. *PFS setti hins vegar það skilyrði að það yrði að lágmarki að hafa fimm samanburðarríki sem grundvöll verðákvörðunar með verðsamanburði*.

### 1.1.2 Markaður 3

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 3) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarSKIPTALAGA ákvað PFS að útnefna Símann, FjarSKIPTI ehf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), Símafélagið ehf. (Símafélagið) og Hringdu ehf. (Hringdu) með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

PFS lagði eftirfarandi heildsölukvaðir á fjarSKIPTAFYRIRTÆKIN:

- Kvöð um að veita aðgang var lögð á Símann, Vodafone, Nova, Símafélagið og Hringdu
- Kvöð um jafnræði var lögð á Símann, Vodafone, Nova, Símafélagið og Hringdu
- Kvöð um gagnsæi var lögð á Símann
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað var lögð á Símann og Vodafone
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá var lögð á Símann, Vodafone, Nova, Símafélagið og Hringdu

<sup>1</sup> Talað er um „bottom-up“ líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarSKIPTANETI á viðkomandi fjarSKIPTAMARKAÐI. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmstu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.

<sup>2</sup> Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost, LRIC), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

<sup>3</sup> Um getur verið að ræða gangverðs bottom-up LRIC, LRIC+, LRAIC eða LRAIC+ líkan.



Í kvöð um eftirlit með gjaldskrá var tilgreint að hámarksverð fyrir lúkningu símtala yrði ákvarðað með verðsamanburði samkvæmt heimild í 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti.

Í ákvörðuninni kom fram að við val á sambærilegum samkeppnismörkuðum bæri að miða við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu. PFS myndi miða við eftirfarandi meginforsendur við val á samanburðarlöndum og útreikning á lúkningu símtala í fastaneti þegar verðsamanburði (e. benchmark) væri beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum skal miðast við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu LRIC líkani sem liggja fyrir á þeim tíma sem verðsamanburður fer fram hverju sinni.
- Miða skal við verð fyrir skiptistöðvar (single transit).
- Miða skal við mínútuverð á 3ja mínútna símtali.
- Miða skal við meðalgengi viðkomandi ársfjórðungs.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

Þá kom fram að PFS myndi árlega á gildistíma ákvörðunarinnar endurtaka verðsamanburð með ofangreindum forsendum og ákvarða hámark lúkningargjalda sem taka ætti gildi frá og með 1. janúar ár hvert í samræmi við niðurstöður verðsamanburðarins, en þó í fyrsta sinn frá og með 1. júlí 2013 og síðan árlega frá og með 1. janúar 2014. PFS myndi birta niðurstöður úr samanburðinum eigi síðar en 1. nóvember ár hvert með ákvörðun (vegna verða sem gilda munu frá og með 1. janúar árið eftir), í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA. Að jafnaði ætti að nota öll þau ríki í verðsamanburðinn sem uppfylltu ofangreind skilyrði. PFS setti hins vegar það skilyrði að það yrði að lágmarki að hafa fimm samanburðarríki sem grundvöll verðákvörðunar með verðsamanburði. Því væru framangreindar tímasetningar með þeim fyrirvara að a.m.k. fimm ríki uppfylltu ofangreind skilyrði. Ef fimm viðmiðunarlönd yrðu ekki tiltæk þann 1. janúar 2013 skildi fyrsti verðsamanburðurinn frestast um hálf t. ár a.m.k., eða þar til viðmiðunarlöndin yrðu nægilega mörg.

Með þessu var horfið frá því að ákvarða lúkningarverð með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011<sup>4</sup>.

Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í föstum netum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmstu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net (NGN) í miðlægum hluta

<sup>4</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.



netsins. Um er að ræða hreint gangverðs bottom–up LRIC kostnaðarlíkan, svokallað „pure BU-LRIC“. Stefnt var að því að gjöldin yrðu samsvarandi hjá öllum fyrirtækjum á viðkomandi markaði í árslok 2012, þ.e. samhverf gjöld (e. symmetry).

Viðeigandi viðbótarþjónusta (e. increment) í hreinu BU-LRIC líkaninu er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs) vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsöluþjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar heildsöluþjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónusta er hætt.

Ef eftirlitsstofnun hefur ekki tók á því vegna smæðar og/eða skorts á fjármagni að innleiða hreint BU-LRIC þá getur hún notað aðra aðferð, m.a. verðsamanburð, sbr. 12. tl. tilmæla ESA og 22. mgr. aðfararorða tilmælanna. Ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna þá má fresta innleiðingu á hreinu BU-LRIC líkani til 1. júlí 2014. Við ákveðnar aðstæður er hægt að fresta því enn frekar. Útkoma úr annarri aðferð en LRIC ætti ekki að fara yfir meðaltal lúkningarverða ríkja sem nota hreint LRIC líkan til að ákvarða verð.

Í samræmi við tilmæli ESA mælti PFS fyrir um samhverf lúkningargjöld í ákvörðun sinni nr. 36/2012 og að hámarks lúkningargjöld hjá Símafélaginu, Nova og Hringdu yrðu þau sömu og lúkningargjöld Símans. Samkvæmt ákvörðuninni skildu hámarkslúkningarverð vera 0,63 kr. á mínútu, ásamt 0,62 kr. tengigjaldi á hvert símtal, hjá Símafélaginu, Nova og Hringdu. Hin samhverfu lúkningarverð tóku gildi frá og með 1. mars 2013 og munu þau gilda þar til ný lúkningarverð eru ákvörðuð af PFS með verðsamanburði.

## 1.2 Fjöldi ríkja tiltæk í verðsamanburð

Að jafnaði skal nota öll þau ríki í verðsamanburðinn sem uppfylla þau skilyrði sem sett voru fram í ákvörðun PFS nr. 36/2012. Samkvæmt ákvörðuninni þarf hins vegar að lágmarki að hafa fimm samanburðarríki sem grundvöll verðákvörðunar með verðsamanburði. Því voru þær tímasetningar um framkvæmd verðsamanburðarins með þeim fyrirvara að a.m.k. fimm ríki uppfylltu þau skilyrði sem sett voru fram.

Hvað varðar markað 3 var kveðið á um að ef fimm viðmiðunarlönd væru ekki tiltæk þann 1. janúar 2013 myndi fyrsti verðsamanburðurinn frestast um hálf t. ár a.m.k., eða þar til viðmiðunarlöndin væru nægilega mörg. Í ákvörðuninni var einnig gert ráð fyrir að verðsamanburður á markaði 2 yrði framkvæmdur samhliða verðsamanburði á markaði 3.

Í samræmi við ofangreint hefur PFS fylgst með þróun lúkningarverða í löndum innan EES og reglulega athugað fjölda ríkja þar sem viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnun hefur tekið ákvörðun um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu LRIC líkani.

PFS hefur framkvæmt verðsamanburð á markaði 7 á grundvelli áður nefnda tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. Fyrsti verðsamanburðurinn fór fram 2012 og í ákvörðun PFS nr. 32/2012 ákvarðaði PFS



heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi á grundvelli verðsamanburðar.

Ákvörðun nr. 32/2012 var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann 29. nóvember 2012. Í úrskurði sínum nr. 6/2012 gerði úrskurðarnefndin athugasemd við gildistöku nýrra lúkningarverða.

Fram kom í niðurstöðu úrskurðarnefndar að aðeins sjö af þeim þrjátíu EES ríkjum sem til skoðunar hefðu verið í umræddum verðsamanburði hefðu ákvarðað lúkningarverð á grundvelli umræddrar aðferðarfræði þegar samanburður PFS hefði farið fram. Úrskurðarnefndin taldi ekki augljóst að gildistaka hins nýja lúkningarverðs hefði verið nauðsynleg þann 1. júlí 2013 hér á landi í ljósi þess annars vegar, hversu mörg samanburðarríkjanna hefðu ákveðið seinni gildistökutíma en PFS eða ekki tekið neina ákvörðun um upptöku umræddrar kostnaðargreiningaraðferðar, og hins vegar að um íþyngjandi ákvörðun væri að ræða. Ná hefði mátt því markmiði að samræma lúkningarverð við þau ríki sem samanburðurinn tæki til með lengri frestun á gildistöku hins nýja lúkningarverðs.

Af þeim sökum taldi úrskurðarnefndin að rétt væri að fella úr gildi þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar sem snéri að gildistöku hennar 1. júlí 2013. Gerði úrskurðarnefnd þá ráð fyrir að ákvörðun um upphafstíma lúkningarverðs yrði tekin í kjölfar úrskurðarins. Nánar er fjallað um úrskurð úrskurðarnefndar í kafla 1.3. í ákvörðun PFS nr. 25/2013.

Í ljósi úrskurðar úrskurðarnefndarinnar taldi PFS rétt að fresta verðsamanburði á markaði 3 þar til meirihluti EES ríkja hefðu ákvarðað lúkningarverð í föstum talsímanetum í samræmi við tilmælin. Það hefur legið fyrir í nokkurn tíma að um mikla verðlækkun yrði að ræða á lúkningargjöldum í fastanetum eins og í farsímanetum og þar með að fyrirhuguð ákvörðun gæti talist íþyngjandi fyrir sum fjarskiptaefirtæki. Þróunin hefur verið sú að fjarskiptaefirtilitsstofnanir hafa verið seinni til að framfylgja áður nefndum tilmælum EES hvað varðar lúkningarverð í föstum talsímanetum en farsímanetum. Því hefur það dregist að forsendur hafi skapast til að ákvarða lúkningarverð í föstum talsímanetum á grundvelli verðsamanburðar.

Um síðustu áramót höfðu samtals 17 ríki ákvarðað lúkningarverð í föstum talsímanetum út frá hreinu BU-LRIC líkani og 2 ríki til viðbótar hafa beitt verðsamanburði við slík ríki eins og PFS gerir hér. EES-ríkin eru nú 31 að Íslandi meðtöldu. PFS telur því að nú séu allar forsendur uppfylltar til að ákvarða verð fyrir upphaf og lúkningu í föstum almennum talsímanetum.

## 2 Forsendur verðsamanburðar

Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaefirtilitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint LRIC kostnaðarlíkan.

Fjarskiptaefirtilitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014 og jafnvel lengur ef það brýtur gegn meðalhófsreglu að þvinga slíkt stjórnvald til að innleiða hreint BU-LRIC kostnaðarlíkan, nema BEREC aðstoði það faglega og/eða fjárhagslega við gerð slíks líkans. PFS telst til þeirra fjarskiptaefirtilitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Reynslan á EES-svæðinu hefur sýnt





að kostnaður við gerð BU-LRIC líkana hleypur á tugum milljóna króna fyrir hvert líkan og hverja uppfærslu. Ef PFS hygðist beita þessari aðferðafræði við ákvörðun lúkningarverða þyrfti að útbúa líkan fyrir fasta talsímanetið á Íslandi með tilheyrandi kostnaði fyrir PFS og markaðsaðila.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 36/2012, 12. tl. tilmæla ESA og heimild í 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga, hefur PFS nú framkvæmt verðsamanburð og hyggst á grundvelli hans ákvarða verð á heildsölumarkaði fyrir upphaf og lúkningu í föstum almennum talsímanetum.

Við val á samanburðarlöndum miðar PFS við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

PFS leggur eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á verði fyrir upphaf símtals þegar verðsamanburði er beitt:

- Miðað er við þau EES-ríki þar sem upphafsverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskrárefirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöðu um upphafsverð samkvæmt útreikningum sem byggja á „bottom-up“ LRIC, LRIC+, LRAIC eða LRAIC+ líkani sem lágu fyrir 1. janúar 2015.
- Miðað er við verð fyrir skiptistöðvar (single transit) þar sem það á við.
- Miðað er við mínútuverð á 3ja mínútna símtali.
- Miðað er við meðalgengi á fjórða ársfjórðungi 2014.<sup>5</sup>
- Miðað er við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miðað er við að ákvarðað verð sé ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

Niðurstaðan er mínútuverð fyrir upphaf símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartaxta.

PFS leggur eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á verði fyrir lúkningu símtals þegar verðsamanburði er beitt:

- Miðað er við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskrárefirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani sem lágu fyrir 1. janúar 2015.

---

<sup>5</sup> Miðgengi Seðlabanka Íslands, sjá viðauka I.





- Miðað er við verð fyrir skiptistöðvar (single transit) þar sem það á við.
- Miðað er við mínútuverð á 3ja mínútna símtali.
- Miðað er við meðalgengi á fjórða ársfjórðungi 2014.
- Miðað er við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miðað er við að ákvarðað verð sé ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

Niðurstaðan er mínútuverð fyrir lúkningu símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartafta.

### 3 Útreikningar á verði fyrir upphaf símtals

Eins og fram kemur hér að ofan er miðað við þær forsendur við val á ríkjum í samanburðinn að verð fyrir upphaf símtals hafi verið ákvörðuð út frá „bottom-up“ LRIC, LRIC+, LRAIC eða LRAIC+ líkani. Samtals uppfylla 9 lönd þessi skilyrði, þ.e. Danmörk, Ítalía<sup>6</sup>, Króatía, Malta, Noregur, Slóvakía, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland.

Eftirfarandi tafla sýnir verð (umreiknað í íslenskar krónur) fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum í viðkomandi ríkjum<sup>7</sup>:

<i>Land</i>	<i>Kostnaðar- líkan</i>	<i>Upphaf kr./mínútu</i>
Danmörk	BU - LRAIC	0,41
Ítalía	BU - LRAIC	0,32
Króatía	BU - LRAIC+	0,22
Malta	BU - LRAIC+	0,41
Noregur	BU - LRAIC+	0,59
Slóvakía	BU - LRIC+	0,53
Svíþjóð	BU - LRIC	0,27
Tékkland	BU - LRIC+	1,73
Þýskaland	BU - LRAIC+	0,54
	<b>Meðaltal</b>	<b>0,56</b>

Miðað er við verð fyrir upphaf símtals sem tóku gildi 1. janúar 2015 eða fyrr. Samkvæmt ofangreindu er hreint meðaltal upphafsverða í þessum ríkjum 0,56 kr./mín sem svarar til 0,36 €cent/mín.

<sup>6</sup> Í Ítalíu er TSLRIC líkan (Total Service Long Run Incremental Cost) notað en það svarar til LRAIC líkans og er þess vegna tekið með í samanburðinn.

<sup>7</sup> Heimild: CIRCABC, Cullen International, ESA og viðkomandi fjarskiptaftirlitsstofnanir.



Í flestum ríkjum EES er ekki lengur lagt á sérstakt tengigjald fyrir upphaf símtals og er því eingöngu ákvarðað mínútugjald fyrir upphaf símtalsins.<sup>8</sup> Einnig er í meirihluta ríkjanna ekki lengur mismunandi gjald fyrir dagtaxta og nætur- og helgartaxta.<sup>9</sup>

## 4 Útreikningar á verði fyrir lúkningu

Samtals höfðu 17 ríki tekið ákvörðun um verð út frá hreinu BU-LRIC líkani um síðustu áramót. Þessi ríki eru Austurríki, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Írland, Ítalía, Króatía, Malta, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland og Ungverjaland. Í Frakklandi og Bretlandi eru ekki reiknuð lúkningarverð fyrir skiptistöðvar og því er þau ríki undanskilin í verðsamanburðinum.

Eftirfarandi tafla sýnir verð (umreiknað í íslenskar krónur) fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum í viðkomandi ríkjum<sup>10</sup>:

<i>Land</i>	<i>Kostnaðar- líkan</i>	<i>Lúkning kr./mínútu</i>
Austurríki	BU Pure LRIC	0,19
Búlgaría	BU Pure LRIC	0,39
Danmörk	BU Pure LRIC	0,08
Grikkland	BU Pure LRIC	0,11
Írland	BU Pure LRIC	0,15
Ítalía	BU Pure LRIC	0,12
Króatía	BU Pure LRIC	0,09
Malta	BU Pure LRIC	0,07
Rúmenía	BU Pure LRIC	0,22
Slóvakía	BU Pure LRIC	0,19
Slóvenía	BU Pure LRIC	0,13
Spánn	BU Pure LRIC	0,13
Svíþjóð	BU Pure LRIC	0,11
Tékkland	BU Pure LRIC	0,17
Ungverjaland	BU Pure LRIC	0,20
	<b>Meðaltal</b>	<b>0,16</b>

Miðað er við lúkningarverð sem tóku gildi 1. janúar 2015 eða fyrr. Samkvæmt ofangreindu er hreint meðaltal lúkningarverða í þessum ríkjum 0,16 kr./mín sem svarar til 0,10 €cent/mín.

<sup>8</sup> Í þeim löndum sem samanburðurinn nær til var eingöngu um að ræða mínútugjöld án sérstakra tengigjalda.

<sup>9</sup> Þar sem fyrir liggur meðalmínútuverð m.t.t. umferðar þá er það notað í samanburðinn en að öðrum kosti er notað hreint meðaltal þeirra taxta sem liggja fyrir.

<sup>10</sup> Heimild: CIRCABC, Cullen International, ESA og viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnanir.



Í flestum ríkjum EES er ekki lengur lagt á sérstakt tengigjald fyrir lúkningu símtals og er því eingöngu ákvarðað mínútugjald fyrir lúkningu símtalsins.<sup>11</sup> Einnig er í flestum ríkjum ekki lengur mismunandi gjald fyrir dagtaxta og nætur- og helgartaxta.<sup>12</sup>

## 5 Niðurstaða PFS

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 36/2016 hyggst stofnunin ákvarða upphafs- og lúkningarverð út frá niðurstöðu verðsamanburðarins sem stofnunin hefur framkvæmt og lýst er hér að framan.

Með verðsamanburðinum fæst meðalmínútuverð þeirra ríkja sem samanburðurinn nær til. PFS hyggst nota niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða mínútuverð símtala á mörkuðum 2 og 3 án tengigjalds og samtímis mun því núverandi tengigjald falla niður.

### 5.1 Markaður 2

Hámarksverð Símans fyrir upphaf símtala eru nú 0,63 kr. á mínútu og 0,62 kr. tengigjald á hvert símtal, samkvæmt ákvörðun PFS nr. 36/2012. Gjöld þessi voru upphaflega ákvörðuð í samræmi við kostnaðargreiningu Símans, dags. 19. apríl 2011, sem samþykkt var með ákvörðun PFS nr. 15/2011.

Í samræmi við niðurstöðuna í framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir upphaf símtala í föstu talsímaneti Símans skuli vera **0,56 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Um er að ræða heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 36/2012 skal hið nýja verð gilda sem hámarksverð hjá Símanum, fyrir upphaf símtala í talsímaneti félagsins. Núverandi hámarksverð munu gilda áfram óbreytt út árið 2015.

Ef skoðað er meðalmínútuverð á 3 mínútna símtali þá eru núverandi verð fyrir upphaf símtals 0,84 kr./mín og því er um að ræða 33% lækkun á verði fyrir 3 mínútna símtal.

### 5.2 Markaður 3

Hámarksverð Símans, Vodafone, Nova, Símafélagsins og Hringdu fyrir lúkningu símtala eru nú 0,63 kr. á mínútu og 0,62 kr. tengigjald á hvert símtal, samkvæmt ákvörðun PFS nr. 36/2012. Gjöld þessi voru upphaflega ákvörðuð í samræmi við kostnaðargreiningu Símans, dags. 19. apríl 2011, sem samþykkt var með ákvörðun PFS nr. 15/2011.

Í samræmi við niðurstöðuna í framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum á Íslandi skuli vera **0,16 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Um er að ræða heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts.

---

<sup>11</sup> Í þeim löndum sem samanburðurinn nær til lágu alls staðar fyrir upplýsingar um meðalmínútuverð þar sem tengigjald var reiknað og þau verð eru notuð í samanburðinn.

<sup>12</sup> Þar sem fyrir liggur meðalmínútuverð m.t.t. umferðar þá er það notað í samanburðinn en að öðrum kosti er notað hreint meðaltal þeirra taxta sem liggja fyrir.



Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 36/2012 skal hið nýja verð gilda sem hámarksverð hjá Símanum, Vodafone, Nova, Símafélaginu og Hringdu fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum á Íslandi. Núverandi hámarksverð munu gilda áfram óbreytt út árið 2015.

Ef skoðað er meðalmínútuverð á 3 mínútna símtali þá eru núverandi verð fyrir lúkningu símtals 0,84 kr./mín og því er um að ræða 81% lækkun á verði fyrir 3 mínútna símtal.

### **5.3 Gildistaka**

Í ljósi þessarar miklu lækkunar leggur PFS til að hin nýju upphafs- og lúkningarverða taki ekki gildi fyrr en frá og með 1. janúar 2016. PFS telur að með því hafi fjarskiptafyrirtæki hér á landi ríflegan frest til að aðlaga sig að breyttum verðum og gera ráðstafanir og áætlanir þar að lútandi. Fyrirtækin hafa haft tækifæri frá því að ákvörðun PFS nr. 36/2012 leit dagsins ljós til að afla sér upplýsinga um þá þróun á lúkningarverðum sem hefur átt hefur sér stað í EES-ríkjunum og verðsamanburður PFS byggir á. Það sama á við um upphafsverð gagnvart Símanum. Í raun hefur lækkunum á gjöldum þessum verið frestað frá 1. júlí 2013 út árið 2015. Því verður ekki séð að gengið sé gegn meðalhófi með þeim drögum sem hér eru lögð fram.